

Skilmálar og skilyrði

Upplýsingar um seljanda

Ferðaskrifstofa Akureyrar, Strandgata 3, 4600600 og aktravel@aktravel.is.

Ferðaskrifstofa Akureyrar áskilur sér rétt til að hætta við pantanir, t.d. vegna rangra verðupplýsinga eða hætta að bjóða upp á vörutegundir fyrirvaralaust. Áskilinn er réttur til að staðfesta pantanir símleiðis. Sjá nánar í Ferðaskilmálum Ferðaskrifstofu Akureyrar.

Almennt

Kaupandi verður að vera orðinn fjárráða til þess að eiga viðskipti á vefsvæði Ferðaskrifstofu Akureyrar, [www.aktravel.is](#) Eftirfarandi skilmálar gilda um viðskipti seljanda og kaupanda svo og um notkun á netversluninni Aktravel.is.

Skilmálarnir skilgreina réttindi og skyldur seljanda annars vegar og kaupanda hins vegar. Þegar sérstökum ákvæðum þessara skilmála sleppir gilda um viðskiptin lög um neytendakaup nr. 48/2003 og eftir atvikum lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga nr. 46/2000 og lög um þjónustukaup nr. 42/2000.

Allar upplýsingar á vefnum eru með fyrirvara um prentvillur, verðbreytingar og birgðastöðu.

Almennt gildir sú regla að ef reglur samstarfaðila okkar eða Ferðaskilmálar okkar ganga lengra en hér greinir, gildir sú regla sem gengur lengra.

Afhending vöru

Allar pantanir eru afgreiddar næsta virka dag eftir pöntun. Sé varan ekki til eða fullbókað er í ferðar/gistingu mun þjónustufulltrúi hafa samband og finna úrlausn á málinu.

Kaupendur fá staðfestingu senda með tölvupósti þegar kaupin hafa gengið í gegn. Kaupendur fá einnig farmiða og önnur ferðagögn senda á tölvupósti.

Verð

Öll verð í vefverslun eru með inniföldum virðisaukaskatti (vsk).

Virðisauka - upphæð er mismunandi eftir þjónustupáttum í tilboðum (ýmist 11% eða 24%).

Fullnaðargreiðsla og greiðslukjör

Þegar bókuð er ferð á heimasíðu í Ferðaskrifstofu Akureyrar þarf að fullgreiða ferð við bókun. Allar kreditkortagreiðslur fara í gegnum örugga greiðslusíðu Valitor. Boðið er upp á greiðsludreifingu í samstarfi við VISA og MASTERCARD. Einnig er boðið upp á að greiða með bankamillifærslu í völdum vörum og koma allar upplýsingar fram þega pöntun er staðfest. Greiðsla þarf að móttakast innan 12 klukkustunda frá því að pöntun er gerð. Sé greiðsla ekki móttækin innan þess tíma mun pöntun eyðast.

Í þeim tilfellum er hægt að velja millifærslu við pöntun, en taka fram í athugasemdum að kaupandi óski eftir að greiða með kortaláni. Þjónustufulltrúi okkar mun þá hafa samband símleiðis og ganga frá greiðslunni.

Nánar er fjallað um forfallagjald, greiðslufyrirkomulag, afpöntun, endurgreiðslurétt og breytingagjöld og breytingareglur í **Ferðaskilmálum Ferðaskrifstofu Akureyrar**.

Forfallagjald

Ferðaskrifstofa Akureyrar biður ekki upp á forfallagjald. Farþegar eru hvattir til þess að skoða skilmála sinna tryggingarfélaganna og greiðslukortatrygginga. Margar þessara trygginga innifela forfallagjald.

Trúnaður

Seljandi heitir kaupanda fullum trúnaði um allar upplýsingar sem hann gefur upp í tengslum við viðskiptin. Upplýsingar verða ekki undir neinum kringumstæðum afhentar þriðja aðila.

Lög og varnarþing

Samningur þessi er í samræmi við íslensk lög. Rísi mál vegna hans skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.